

Lög og reglugerðir:

- **Lög nr. 54/1990** um innflutning dýra.
- **Tilskipun nr. 1254/2008** um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum (**Council Directive No. 2006/88/EC** on animal health requirements for aquaculture animals and products thereof, and on the prevention and control of certain diseases in aquatic animals).
- **Reglugerð nr. 168/2011** um skilyrði og kröfur vegna útgáfu heilbrigðisvottorða við markaðssetningu lagareldisdýra, afurða þeirra og innflutning þeirra inn á EES-svæðið og um skrá yfir tegundir smitferja (**Commission Regulation No. 1251/2008/EC** implementing Council Directive 2006/88/EC as regards conditions and certification requirements for the placing on the market and the import into the Community of aquaculture animals and products thereof and laying down a list of vector species).

Ferill máls:

Umsókn um innflutning lifandi lagardýra frá 3ju ríkjum til áframeldis á Íslandi (og þar með á EES-svæðinu) skal skila inn til MAST og/eða fisksjúkdómanefndar. Áður en MAST kveður upp úr um heimild til innflutnings skal fisksjúkdómanefnd fjalla um erindið og skila umsögn til MAST.

Lykilþættir sem fisksjúkdómanefnd þarf að skoða áður en umsögn er gefin til MAST:

Mikilvæga þætti, sem fisksjúkdómanefnd þarf að ganga úr skugga um áður en umsögn er gefin, er að finna í ofangreindri reglugerð nr. 168/2011. Helstu skilyrði sem þarf að uppfylla svo hægt sé að heimila innflutning eru eftirfarandi:

- 1) Aðeins skal leyfa innflutning lifandi lagardýra til EES-svæðisins frá þriðju löndum þar sem löggjöf á sviði heilbrigðis dýra og eftirlitskerfi eru sambærileg því sem gerist á EES-svæðinu. Einungis er heimilt að flytja inn lifandi lagardýr sem ætluð eru til áframeldis frá þeim 3ju löndum, svæðum og hólum sem tilgreind eru **í lista í III. Viðauka reglugerðar nr. 168/2011**.
- 2) Innflutt lagardýr skulu uppfylla dýraheilbrigðiskröfur í samræmi **A-hluta IV. Viðauka og skýringarnar í V. Viðauka reglugerðar nr. 168/2011** sem skal fylla út innan 72 klst. fyrir ferminu sendingarinnar og fylgja sendingunni.
- 3) Heilbrigðisvottorð skal skrá í rafrænt TRACES vottunarkerfi ESB.
- 4) Skoðun fylgiskjala og klínískt eftirlit með innfluttum dýrum skal framkvæmt á landamærum (Border Inspection Post).